

605. fundur

Fimmtudaginn 9. júní 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Kristín Sigfúsdóttir ANR ritaði fundargerð.

1. Lögð var fram fundargerð 604 og var afgreiðsla hennar frestað til næsta fundar.
2. Rætt var um að setja auglýsingu á heimasíðu um úthlutun á WTO tollkvótum á hráu kjöti, smjöri og ostum, fuglseggjum og afurðum þeirra og unnum kjötvörum úr viðauka III A.
Samþykkt var auglýsa skyldi í tveimur hlutum, sex mánuðum í senn, nú frá 1. júlí – 31. desember 2016. Jafn miklu magni yrði úthlutað í bæði skiptin í samræmi við 3. mgr. 65. gr. búvörulaga: „*Heimilt er að skipta tollkvótum upp í einingar. Tollkvótum skal úthlutað til ákveðins tíma, allt að einu ári í senn.*“
3. Lagðar voru fyrir niðurstöður um úthlutun á tollkvótum vegna útboðs á blómum fyrir seinni hluta ársins 2016.

Miðvikudaginn 8. júní síðastliðinn rann út tilboðsfrestur í tollkvóta á blómum vegna seinni hluta ársins 2016.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9091) samtals 3.250 stk. á meðalverðinu 113 kr./stk. Hæsta boð var 135 kr./stk. en lægsta boð var 95 kr./stk. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 1.650 stk. á meðalverðinu 121 kr./stk.

Þrjú tilboð bárust um innflutning á blómstrandi pottaplöntum á vörulið (0602.9093) samtals 3.960 stk. á meðalverðinu 116 kr./stk. Hæsta boð var 135 kr./stk. en lægsta boð var 95 kr./stk. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 2.160 stk. á meðalverðinu 125 kr./stk.

Tvö tilboð bárust um innflutning á tryggðablómum (0603.1400) samtals 6.900 stk., á meðalverðinu 12 kr./stk. Hæsta boð var 50 kr./stk. en lægsta boð var 1 kr./stk. Tilboði var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 6.500 stk. á meðalverðinu 13 kr./stk.

Þrjár umsóknir bárust um innflutning á afskornum blómum, (0603.1909) samtals 115.000 stk. og náðu umsóknir ekki tilteknum stykkjafjölda sem í boði var eða 118.750 stk. Úthlutað var án útboðs.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinna fyrirtækja á grundvelli tilboða/umsókna þeirra:

Blómstrandi pottaplöntur júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
565	Garðheimar Gróðurvörur ehf
1.085	Húsasmiðjan Blómaval ehf

Aðrar pottaplöntur júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
400	Garðheimar Gróðurvörur ehf
800	Grænn markaður ehf
960	Húsasmiðjan Blómaval ehf

Tryggðablóm júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
400	Garðheimar Gróðurvörur ehf
6.100	Samasem ehf

(Annars) afskorin júlí - desember 2015

Magn (stk)	Tilboðsgjafi
20.000	Garðheimar Gróðurvörur ehf
45.000	Grænn markaður ehf
50.000	Samasem ehf

4. Drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á frjóeggjum og eggjarauðum. Vísað til fundargerðar 604 þar sem drög að reglugerðinni voru lögð fyrir. Ákveðið var að senda hana til umsagnaraðila eftir útgáfu WTO reglugerðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.